

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 336/2023

2024/EES/48/39

frá 8. desember 2023

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1642 frá 14. júní 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 að því er varðar nútímavæðingu reksturs á skrá Sambandsins ⁽¹⁾.
- XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á lið 21anb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122) í XX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„— **32023 R 1642:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1642 frá 14. júní 2023 (Stjtið. ESB L 206, 21.8.2023, bls. 1).“

2. Í aðlögunartexta a) koma orðin „skrá Sambandsins“ í stað orðanna „viðskiptadagbók ESB útgáfu“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/1642, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 206, 21.8.2023, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.